





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



6"



Photographic Sciences Corporation

**23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503**

0
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers/
Couverture de couleur
- Covers damaged/
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distortion le long de la marge intérieure
- Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.

- Coloured pages/
Pages de couleur
- Pages damaged/
Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached/
Pages détachées
- Showthrough/
Transparence
- Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- Continuous pagination/
Pagination continue
- Includes index(es)/
Comprend un (des) index
- Title on header taken from:/**
Le titre de l'en-tête provient:
- Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

Additional comments:/ **Text in Icelandic.**
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous:

10X	14X	18X	22X	26X	30X
12X	16X	20X	24X	28X	32X

qu'il
cet
de vue
ne
tion
nés

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:


University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol → (meaning "CONTINUED"), or the symbol ▽ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



1	2	3
4	5	6

L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole → signifie "A SUIVRE", le symbole ▽ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

Hlinning
kristnitökunnar
á Íslandi

FYRIR NIU ÖLDUM.

riki s
mjöls

í dag.
vitið
í kirk
ins ro
þjóða
anda
nema
þjóðli
nefnd
dag e
hjá fo
messu
var þa
á þin
gjörði
menti
118, :
úthley
aðr a

I
fram
framú
hjörtu

1000-1900.

Prédikan út af fagnaðarþurði kristnitökunnar, sem séra Jón Bjarnason flutti í Selkirk að kvöldi sunnudagsins 21. Júní.

Enn sagði hann þeim þessa dæmisögu: Likt er guðs ríki súrdeigi því, er kona ein tók og faldí i þrem mælum mjöls, unz það allt sýrðist.—Matt. 13, 33 (Lúk. 13, 20—21).

það er fyrir oss alla, kristna Íslendinga, stór háttíðardagr í dag. Árið þetta, sem nú er yfir oss að líða, er eins og þér vitið allir, kærir tilheyrendr, júbilár—drottinlegt fagnaðarár— í kirkjusögu þjóðar vorrar. Árið 1900 bendir til baka til ársins 1000, þá er kristindómrinn fyrir náð drottins varð íslenzk þjóðareign. Vér rennum huganum aftr í tímaun, fljúgum í anda yfir úthaf heilla níu alda, níu hundruð ára, til þess að nema staðar við lang-inerkasta og fagnaðarríkasta atburðinn í þjóðlissi voru—kristnitöku Íslendinga á alþingi þetta síðar nefnda ár. Og það vill þá líka svo vel til, að nú einmitt í dag eru nákvæmlega níu hundruð ár liðin síðan kristnitakan hjá forseðrinn vorum varð að alþjóðarsamþykkt. Því á Jónsmessu, 24. dag Júnímánaðar, árið 1000 eftir Krists föðing var það, að sú allsherjar þjóðarsamþykkt náði fram að ganga á þingvelli við Öxará. „Þetta er sá dagr, sem drottinn gjörði“—segir hið guðinnblásna sálmaskáld á gamla testamentis tfsinni; „fögnum og verum glaðir í honum“ (Sálm. 118, 24). Árið er fyrir oss fagnaðarár, og þessi dagr stendr úthleyptir í endrminningunni eins og aðal-dagrinn,—sannkallaðr afmælisdagr íslenzku kristninnar.

það þarf ekki fyrir neinum kristnum Íslendingum að fóera fram nein rök því til stuðnings, að hér sé fyrir oss að minnast framúrskaranda fagnaðarefnis. Þeir allir, sem með trúuðum hjörtum halda því föstu, að sæla sín hin lang-mesta sé í því

fólgin, að lisa andlegu samlissi með Jesú Kristi, mannkynsfrelsaranum,—þeir allir, sem ekki geta hugsað um sjálfa sig öðru vísí en sem glataða menn, ef þeir syrir einhver ill örlög yrði frá honum slitnir,—þeir allir, sem í sameika trúá á hið alþekkta, ógleymانlega orð hans: „Eitt er nauðsynlegt“,—þeir allir geta líka syllilega skilið, hve ómetanleg náðargjöf það hlýtr að hafa verið syrir forfeðr vora sem þjóð að fá til sín kristindóminn á löngu liðinni öld. Menn myndi skilja það, þótt þeir væri með öllu ófróðir um sögu þjóðarinnar bæði syrir og eftir kristnitökuna. Allir kristnir menn myndi ganga út frá því sem sjálfsögðu, að það, sem þeir persónulega hafa reynt sér verða til mestrar blessunar, kristindómrinna, hafi einnig hlotið að verða þjóðinni í heild sinni til hins sama, ómetanlegrar, drottinlegrar hamingju. En svo er nú hins vegar góðum guði syrir það að þakka, að allr þorri íslenzkarar alþýðu hefir náð að komast yfir svo mikla sögulega þekking á hag forfeðra vorra úti á Íslandi, að menu vita líka beinlinis með fullkominni vissu úr þeirri átt, að það var alveg framúrskaranda heillaspor, sem þjóð vor til forna sté með kristnítökunni.

það er kunnugra en frá þurfi að segja, að tíminn allr, sem leið frá landnámi Íslands til kristnitökunnar, var syrir þjóðina í heild sinni mjög kuldaleg, díum og grimim nætrtíð. Hin villta víkingslund, harðneskjan, hefndargirnin var þá alráðandi. Oss er að vísu unaðr að hugsa um hreystina og hugrekkið, sem kennir fram svo glæsilega hjá himum heiðnu köppum þeirrar fornaldar. Og vér gleymum því ekki, að það er líka þá til göfugr drengskapr hjá ýmsum þeirra forn-íslenzku höfðingja. En þegar vér hugsum um það, að lang-mestr hluti þjóðarinnar er þá ánaudngir þraelar, án allra mannréttinda, og í annan stað um það, að höfðingjarnir, frjálsu menn-irnir, geta aldrei á sárs höfði setið hver við annan, að allstaðar logar ófriðareldrinn, að vígaferlin og hryðjuverkin eru eins og daglegt brauð, að landið allt flýtr í blöði, og aðal-trú manna er trú á sinn eigin mátt og megin, — þá getum vér ómögulega litið á þá heiðnu öld öðruvísí en sem nött — ómurmlega, nálega stjörnulausa, helkalda vetrarnótt. En með

kristn
þá áre
Ísland
undu
minnl
inum
1000.
einum
id gar
lifnu.
haldi
Sögm
sem
landin
ljósi
þjóða

annað
meira
að er
hvort
andi
báður
engur
en hi
sagði
eins
kostl
sinni
kasta
vegir
hann
að ke
hvors
mann
brá s
stund

kristnitökunni fór óðum að birta og hlýna. Dagrinn föddist þá áreiðanlega í þjóðlifi Íslands. Það er sýnileg dagsbirta yfir Íslandi á ellestu öldinni. En það var nött yfir Íslandi á tíundu öldinni. Villudóms-einkennin hjá forseðruni vorum fóru minnkandi og fækkandi þegar undir eins eftir að kristindómnum hafði verið leyfð landsvist hið ógleymalaga ár—árið 1000. Fornsögu-öldin endar að vísu ekki fyrr en sein svarar einum lókum mannsaldri eftir það. Því svo lengi er söguefninum gamla, vígaferlin, hinur blóðugn maumhefndir, til í þjóðlifinu. En miðög fjárrí fer því þó, að heiðindómsandinn ganuli haldi sér á þeim mannsaldri með sama kraftinum eins og áðr. Sögur vorar bera þess marg-endrtekinn vott, það af þeim, sem nær inn á það tímabil, að þá er óðum að verða ljós í landinu, sannkristilegt trúarljós, og að ljómandi geislar af því ljósi eru þegar koinnir og farnir að hafa vald yfir samvizku þjóðarinnar.

Árið 1011 koma fyrir tvö voðaleg hryðjuverk á Íslandi, annað um vorið, hitt um haustið, svo skelfileg, að ekkert er meira í þá átt á heiðindómsöldinni áðr í sögu landsins. Annan að er víg Höskuldar Hvítanesgoða. Hitt er Njálsbrenna. Í hvorutveggja þeirra hryðjuverka kemir hinn forni heiðindómsandi fram í sínum algleymingi. En hius vegar bregðr þar á báðum stöðnum fyrir svo mikil að birtu kristinnar trúar, að engum getr dulizt, að ný öld, óendanlega miklu betri og sælli en hin gamla, er runnin upp yfir þjóðina. Þegar Höskuldur féll, sagði hann: „Guð hjálpi mér, en fyrirgefi yðr.“ Hann dó eins og hinn fyrsti kristni píslarvottr.—En eigi síðr er stórkostlegt að hugsa um Flosa Jónarson, þegar hann á ferð sinni til alþingis hittir Hildigönni bröðurðóttur sína, og hún kastar yfir hann skikkjunni, er Höskuldr, maðr hennar, var veginn í, svo að blóðlifrarnar dundu um hann allan, og særði hann í œðisgengnum grimmdarhug við allt heilagt og guðlegt, að koma blóðhefnd fram á banamönnum hins látna, eða heita hvers manns nifingr ella. Það óskaplega sálarstríð, sem þeim manni nauðugum og alveg óvaent var þá kastað út í! „Flosa brá svo við“—segir söguritarinn—, „að hann var í andlit stundum sem blóð, en stundum fölr sem nárr, en stundum

blár sem hel. " Tvö andstæð öfl eru að brjótast um fálu hans, og það lítr út syrir, að hann muni ætla að verða algjörlega slitinn sundr af heim öfnum—heiðindóminum og kristindóminum. Hann vildi lang-helzt, að sáttum yrði komið á, heiðarlegum sáttum, og í þá átt var hann knúð af anda kristinna trúar; en heiðindómsandium heimtaði hefnd. Og eftir að hann hafði svo átakanlega verið særð af frændkona sinni, syrgjandi ekkju hins vegna saklausa manus, var nálega auðsætt, að hann myndi neyðast til að taka það ráð, er öllum gegndi verst. Sáttatiltaðin á alþingi misheppnaðist.—Og svo urðu úrræðin þau, að brenda þá Njál og sonu hans inni. En þegar loks er gripið til þess voðalega óyndis-úrræðis, er hin kristna samvizka Flosa enn vakandi. Hann lýsir yfir því í heyranda hljóði, er hann á þennan hátt með mönnum sínum seekir að boenum að Bergþórshvoli, að þetta sé stór ábyrgðarhlutur syrið guði, þar sem þeir sjálfrir sé menn kristnir. Og er þar sýnt, hve sterkt að kristindómum er þá þegar farinn að verða í þjóðlissinu á Íslandi, þó að hann sé ekki enn orðinn nágu sterkt að til þess að afstýra þessu voðaverki. En voðaverkin heiðinglegu fara svo stórum dýfnandi. Og þegar komið er fram á miðja þá öld, er kristindómrinn búinn að sá svo mikil vald yfir samvizku þjóðarinnar, að landið má kalla vel kristið land. Undir lok aldarinnar er svo komið, að vopnaburði meðal höfðingja hefir nálega með öllu lagzt niðr og þjóðin nýtr fullkomins friðar og velsældar í skjóli blómlegrar kristinna kirkju.

Og vitanlega er það kristindómrinn, sem framleiddi hinrar merkilegu forn-íslenzku bókmenntir að tólstu og þrettándu öldinni, bókmenntir, sem hafa svo sterkt líssmagn, að þær halda áfram að vaxa og fullkomnast um langa tíð eftir að trúarlífið í kirkjunni er komið í hörmulega visnan og sýnist ekki framr eiga neina viðreisnarvon. Á Sturlungaöldinni er heiðindómrinn afstr fallinn yfir land og lýð, þó að þjóðin gangi þá enn undir kristnu nafni; og sá nýi heiðindómr er að sumu leytti enn þá ömurlegrí en hinn forni, þar sem menn á þeirri frásfallstóf með kristinni trúarljátning í orði kveðnu voru þá óðum að vaxa niðr á við. En þó að trúarlíssástandið væri svo hryggilegt

þá, að bók
kristin
hjá k
kristin
lenzka
og þó
og nál
yfir þj
hjá þj
að kris
kemr
upp
orsök
ándu
trúarli
þjóð v
bjart
forma
hefst
ur mjö
ekki m
varpa
um, e
fagnað
flóðlö
seytjá
þau ja
fanga
mennt
fengur
þorlák
ina m
í þessa
öðrum
um óg
um Je

þá, að ódœnum sætir, þá má því þó með engu móti gleyma, að bókmenntirnar, sem þá blómguðust, voru beinn ávöxt af kristindóminum, sem með svo sterku aflí hafði náð sér niðri hjá kynslóðum næst undan genginna mannsaldrá. Með kristnitöku forseðra vorra rísi andleg flóðalda á hafi hins íslenzka þjóðlifs, sem fer vaxandi alla ellestu og tólfstu öldina; og þó að aflíð, sem hleypti henni á stað, kristna trúin, dofní og nálega deyi út, þá heldr þó flóðaldan áfram að velta sér yfir þjóðlifis býsna língu tóð eftir það. Híð andlega atgjörvi hjá þjóðinni heldr sér um hrif og birtist í bókmenntunum eftir að kristindómrinn hesir verið særð til ólífis. En auðvitað kemr að því, að líka þessar fornir íslenzku bókmenntir visna upp cedi löngum tíma eftir að kristindómslifið, sem hafði verið orsök þeirra, var fallið í dái í landinu. Á fjórtándu og fimmtíðu oldinni verða þær nákvæmlega eins fátæklegar eins og trúarlífið í íslenzku kirkjunni þá var fátæklegt. En svo verðr þjóð vor á sextándu oldinni yfir því mikla fagnaðarefni, að fá bjart ljós guðs orða hjá sér endrkveikt með hinni lútersku reformazíón. Og þá, eins og áðr og eins og búast mætti við, hefst aðr nýtt bókmenntalífi í landinu. Þá eins og áðr rísi önnur miðjög sterk og blessunarríki andleg flóðalda á hafi þjóðlissins, ekki nákvæmlega eins útlits og hin yfirri, ekki líkleg til þess að varpa örnum eins fragðarbjarina yfir þjóðina í heimsins augnum, en þó yfir íslendinga sjálfa ómetanlega dýrmat, guðlegt fagnaðarefni, sem aldrei verðr fullþakkað yfir. Út af þessari flóðoldu stóð Ísland á síðari hluta sextándu aldarinnar, alla seytjándu oldina og nokkuð fram á átjándu oldina, þrátt yfir þau jarðnesku cymdarkjör, sem þjóð vor varð þá gegn um að fanga, í andlegu tilliti fullkomlega jafnfætis hinum kristnu menntalöndum út um heim. Það var í þessari flóðoldu, að vér fengum biblfsuna alla á móðurmál vort frá hendi Guðbrands Þorlákssonar, eftir að Oddr Gottskálksson hafði þar rutt brautina með nýja testamentis þýðinguini. Og það var sömuleiðis í þessari flóðoldu, að Hallgrímur Pétrsson í passíusálmunum og örnum dýrmatum trúarljóðum sínum og Jón Víðalfr með hin umi ógleymanlegu prédikunum sínum fluttu þjóðinni boðskapinn um Jesúmi Krist hinn krossfesta og víðfrægðu nafn hans svo

dýrðlega, að allir hljóta að beygja sig fyrir þeim ritverkum með dýpstu lotning. — mér liggr við að segja, hvort sem menn eru trúðir eða vantrúaðir.

Eg ætla nú ekkert frekar að rekja trúarlíssögu þjóðar vorrar. Ekkert að minnast á ástand hins íslenzka þjóðliss estir að þessi síðari mikla flóðalda tók að hjaðna. Ekkert að risja upp af því, er drifist hesir á daga íslendinga í kristindómslegu og menntunarlegu tilliti á þessari öld, sem nú er að kveðja, eða síðara hluta átjánu aldarinnar. Að eins vil eg segja það, að nú er vissulega þörf á nýtri kristilegri stórastrauðsöldu fyrir þjóðliss vort. Og eg sé ekki betr en að þegar sé farið að móta fyrir henni. Mér sýnist slísk alda vera þegar tekin til að rísa í kirkjunni íslenzku, bæði heima á Íslandi og líka hjá fólk i voru hér í þessu landi. Høgsara er hún. Það er víst. Og það getr vel farið svo, að hún hjaðni upp og verði bráðlega að engu. En hitt er nauðast missýning, að byrjan til slískrar oldumyndunar sé þegar komin fram. Og er þá fyrir oss alla, íslenzka kirkjumenn, með guðs hjálpu að sjá við því, að þetta verði ekki byrjanin tóm.

Nú—þegar hér er komið í júblíhátsar-hngleidiðingum vorum—vil eg í drottins nafni leiða athygli yðar allra, kærir tilheyrendr, að þeim stutta kafla guðs orðs, sem eg las upp úr bíblunni áðr en eg hóf þetta mál mitt. Því á því er ekki minnisti vaf fyrir mér, að þar er skýr bending frá hinum guðlega konungi kirkjunnar, frelsara vorum Jesú Kristi sjálfum, um það, að hvern hátt kristindómrinn að verða og getr orðið hverju einasta þjóðlifi stórkostlega arðberandi eign, svo að hann beri almenningi æ meiri og vifðteckari blessan estir því, sem tímar líða fram, sivaxanda ávöxt til eiliss lífs. Flóðaldan andlega, sem eg sagði að væri farið að móta fyrir í íslenzku kirkjunni í báðum höfuðáttum hennar, í austri og vestri, heldr alveg vfst áfram að rísa og færast út, ef vér, sem drottinn hesir kvatt sér til þjónustu, í meðferð vorri á orði hans förum estir þeirri bending, sem hann gefr í dæmisögu textans. Og þótt það væri missýning, þetta um móti fyrir ríssandi öldu í kirkju vorri, þá myndi þó slísk alda áreiðanlega taká til að rísa með von um áframhaldanda vöxt hennar, jafnvel alveg takmarkalausn, ef

vér nu
greina
auðve
og þér
þrem
mjög
vaxta
kristn
frelsar
sér ni
þeim
með a
þanga
kristin
tilætla
að fra
í öllur
komi
undir
skapi
ætlani
þannig
að gjö
verðr.
skal v
um kr
skynse

T
eg nú
vorra
skýrt
sannle
boðska
anna
um in
Eg ska
og sys

vér nú hér estir syllilega tekjum bending Jesú í textanum til greina. Textinn er undr orðsárt og óbrotinn, og það er mjög auðvelt að átta sig á honum. Jesús líkir guðs ríki þar, eins og þér heyrduð, við súndeig, sem kona nokkur tók og fól í þrem mælum miðjöls þangað til það allt sýrðist. Með þessu mjög auðskiljanlega líkingarmálí lýsir hann himni guðlegu vaxtarákvörðun og hinum makalausa vaxtarhœfilegleik kristnu trúarinnar. Á þann hátt, sem hér er sýnt, atlast frelsarinn til að kristindómrið, þegar hann er búinn að ná sér niðri á þeim eða þeim stadi heiminum, hjá þeim eða þeim manninum, læsi sig út ósýnilega, hægt eða fljótt, en með algjörlega ómótstæðilegu alli, til fleiri og fleiri mannslifa, þangað til allt mannfélagið er orðið kristið. En um leið og kristindómrið þannig nær til fleiri og fleiri manna, þá er tilætlanin sú, að hann hjá öllum þeim mannslifum verdi að framárskaranda lyftingarafla, og það undantekningarlauð f öllum greinum. Tilætlanin, að áhrif hins guðlega súndeigs komi allsstaðar fram í Íslenskum, að kristindómrið leggi þjóðlifsð undir sig, lyfti því upp, hrindi því áfram, endrseði það, umskapi það, blási í það nýjum anda, heilögum anda. En tilætlanin jafnframt, að þessi ummyndan og upplýsing fari þannig fram, að ómögulegt sé syrir náttúrlegt hyggjuvit manna að gjöra sér neina grein syrir því, á hvern hátt þetta eiginlega verðr. Hér skal verða yfirnáttúrlegt kraftaverk. Og það skal verða öllum heiminum aangsýnilegt. En af því að þar er um kraftaverk að reða, þá skal það aefinlega verða mannlegrí skynsemi óskiljanlegt og órannsakanlegt.

Textann minn þennan frá Jesú Kristi um súndeigið valdi eg nú líka einmitt með sérstöku tilliti til kristnitöku forseðra vorra á Íslandi á þessum degi árið 1000. Því það blasir svo skýrt við í sögunni um þann stórhátsbar-atburð, að hinn mikli samkleikr, sem Jesús opinberar í því dýrmæta smábroti af boðskap sínum, hafi verið sterklega ráðandi í sálum höfðingjanna íslenzku, sem gengust syrir því að hleypa kristindómum inn í þjóðlifsð með hinni merkilegu alþingissamþykkt.— Eg skal með sám orðum leyfa mér að risja upp syrir yðr, bræðr og systr, söguna um atburðinn. Landið var orðið tvískift út

af trúmálum. Kristniboð hafði um nokkur ár aðr verið rekioð viðsvegar um hérud af ýmsum mönnum með talsverðum árangri. All-margir höfðu tekið kristna trú, af hjartans sannfering. En meiri hluti, jafnvel lang-mestr hluti landslýðsins, hélta enn við hinn heiðna síð. Það er í þetta skifti mjög sjölmennit til alþingis; því allir vissu, að trúmáls-ágreininginn mikli, sem farinn var að mynda njög ákveðna og ískyggilega flokkaskifting í landinu, hlyti að verða aðal-málið á þinginu. Undir eins og á þingvöll er komið eru tilfinningarnar hjá talsmönnum heiðninnar svo öestar, að mjög nærrí lá, að þeir legði til bardaga við andstœðingana kristnu. Og hvorir sögðu sig úr lögum við aðra. Þá var það, að Síðu-Halli, hinum ágaeta manni, er helzt stóð syrir flokinum kristna, hugsaðist það ráð, að fá þorgerir Ljósvertninga-goða, sem enn já fyllti flokk heiðingja, til þess að segja upp lög syrir landið um trúmálin. Og komu báðir flokkar sér saman um að una við lögsmál það, er hann baði fram. Eftir sólarhrings undirbúning gekk hann á þing og bar fram nýmæli sitt. Sagði hann þar svo fyrir, að allir landsbúar skyldi kristnir vera, trúua á þræinan guð og láta að allri skurðgoðavilli; væri blótað eða fórmir fram bornar til handa hinum heiðnu góðum svo að opinbert yrði, já varðaði það sjárasekt, en var vítalauð, ef að eins var gjört á laum. Og að því, er snerti barna-útburð og hrossakjötsát, sem hvortveggja var mjög ákveðið heiðindóms-einkenni, já skyldi hin fornu lög enn vera í gildi. Með þessu lögsmáli var já kristindóminum veitt friðhelg vist í þjódlifi Íslendinga. Meira var ekki veitt. Það hefir sumum vorra samföldarmanna þótt litið, hlogilega litið. Og því hefir verið fleygt fram, að það beri vott um stórkostlegan skort á trúarlegri alvöru hjá talsmönnum kristindómsins til forna, að þeir skyldi gjöra sig áncægða með aðra eins tilslökum við heiðingjana og hér kom fram. Æ sannleikrinn er nákvæmlega hið gagnstœða. Djúpskyggn, skarpvit, sannkristileg alvara trúarinnar ræðr því hjá hinum kristnu mönnum, að þeir syrit sig og sitt mál heimita ekki meira en hér var veitt. Þeir sáu, að á meira var ekki þörf. Þeir höfðu svo sterka trú á sannleiksmálefni kristindómsins, að þeir voru hjartanlega sannferðir um það fyrirfram, að því

var sig
þenna
ryðja
voru
með
fullkor
frjálsly
raunin
þeirri
þó nálo
því mi
hafi að
mjög l
legt, a
um sín
sannleit
máli, H
þeir er
hiklaus
leyfi til
lega sín
þjódlifi
höfðu e
guðlega
stæðile
heiðin,
Og þei
indómr
aldlegu
að sér,
arupps
pa
sem að
það er
dremist
um að
gresið,

rið rekið
sverðum
ns sann-
slýðsins,
mjög sjölv
mikli,
a flokka-
Undir
lsmönn-
legði til
g úr lög-
manni, er
ð, að fá
eidiingja,
n. Og
það, er
hann á
yrir, að
og láta
ernar til
vardaði
m. Og
hvort-
ldi hin
kristin-
itra var
t lítið,
ð beri
smönn-
nægða
fram.
kyggn,
hinum
a ekki
i þörf.
msins,
að því

var sigrinn vís í samkeppninni við heiðnina eftir að því á
þennan hátt að eins hafði verið veitt leyfi landslaganna til að
ryðja sér með frjálsu móti braut inn í líf þjóðarinna. Þeir
voru svo merkilega frjálslyndir og sannkristnir í anda, að þeir
með góðu geði gátni unnt hinum heiðnu samþjóðarmönnum
fullkomins samvirkufrelsis. Og þó að þetta kristilega vit og
frjálslyndi, sem hér kom fram hjá forseðrum vorum, sé nú í
rauninni ekki neitt meira en það, er allir telja sjálfsagt úr
þeirri átt, frá hálfu kristinna manna, á vorri tím, þá mun það
þó nálega einsdœmi í kristna heiminum á þenri tím. Það fer
því mjög fjarri, að kristindómrinna hjá þessum forseðrum vorum
hafi að eins verið nafnið tómt. Sennilega hafa þeir allir verið
mjög lítið bibliusródir innan. Meðal annars allsendis ólík-
legt, að þeim hafi verið kunnug hin stutta dœmisaga frelsarans
um súndeigis. En hitt er eins víst fyrir því, að hinn dýrmæti
sannleikr, sem Jesús er að kenna og útskýra með því líkingarmáli,
hefir þegar svo snemma verið orðinn andleg eign þeirra.
Þeir eru þá undir eins orðnir svo vel kristnir, að þeir trúna því
hiklaust, að kristindómrinna, úr því haun á annað bord fær
leyfi til landsvistar, muni verða og hljóti að verða það and-
lega súndeig, sem innan skemmdir eða lengri tíma sýri gjörvallt
þjóðlissið. Þeir sjá það fyrir, að kristna trúin, sem þeir sjálfur
höfðu eignað og gengu með í líhortunum, myndi fyrir þann
guðlega sannleikskraft, sem í henni lá, kyrrlátlega, en ómót-
stæðilega læsa sig inn í mannlífin mörgu, sem enn voru
heiðin, þangað til heiðindómsins gætti ekki lengr í landinu.
Og þeir sáu það vafalaust einnig fyrir, að hinn nýseddi krist-
indómr myndi verða súndeig til blessunar fyrir þjóðina í ver-
aldlegum esnum, enda þótt þeir að líkindum ekki gæti fmynd-
að sér, að hann í þeirri grein myndi verða eins mikil bles-
sunaruppsprett eins og á næstu manusöldrum varð í reyndinni.

Það er til önnur miklu lengri dœmisaga eftir frelsarann,
sem að efni til er náskyld þessari í texta vorum um súndeigis. Það
er dœmisagan um illgresið meðal hveitisins. Í þeirri
dœmisögu spyrja þjónar mannsins, sem átti aktrinn, er þar er
um að ræða, hvort hann vilji ekki, að þeir fari og uppriði ill-
gresið, sem þar var sprottið fram innan um hveitið. En hann

neitar því, sýnandi þeim fram á, að slík tilraun myndi verða til meira illa en góðs, því með því móti myndi þeir rísa svo eða svo mikil af hveitinum upp með illgresinn, og segir þeim að láta hvortveggja vaxa saman til uppskerunnar. Jesússjálfur útleggr þessa dœmisögu. „Hinn góði ávöxt“ — segir hann þar — „eru guðs börn“; en „illgresið eru börn hins vonda.“ Hin kristna kirkja á miðöldunum breytti yfir höfusð að tala alveg þvert á móti syfirmælum frelsarans í þessari dœmisögu. Hún heitti hvað eftir annað ofsbeldi við þá alla, er í hennar augum voru heiðingjar, ofslótti þá, kvaldi þá, deyddi þá. Henni gat með engu móti skilizt, að illgresið ætti nokkurn minnsta rétt á sér á meðal hveitisins. En á Íslandi kom ekkert slikt fram við kristnitökuna forðum, né heldr á næstu tveimur öldum þar á eftir eða lengr meðan sami andinn var ráðandi yfir hinum kirkjulegu leiðtogum þjóðarinnar. Þeir skildu það til hlifstar, hvers vegna ómögulega má uppræta illgresið, syrir þá sök, að sannleikr sá, sem felst í hinni dœmisögumni, þeirri um súrdeigis, hafði náð svo sterku haldi á hjörtum þeirra. Það að ekki má — í hinni syrrnesfndu dœmisögu — uppræta illgresið er ekki að eins vegna þess, að hveitið, sem niðri í jörðinni er því svo samvaxið, myndi nra leið verið riðið upp og eyðilagt, heldr líka syrir þá sök, að illgresið getr syrir guðlegt kraftaverk ummyndatz og orðið að hveiti, og það er vilji drottins, að það kraftaverk verði — óteljandi slík yfirnáttúleg kraftaverk. Og það gjörist einmitt á þann háð, að hínir kristnu menn hafi þau áhrif á heiðingjana, sem með þeim lisa, að líka þeir verði kristnir. Frelsarinn kennir ekkert um þetta í dœmisögumni um illgresið á meðal hveitisins, — vill skiljanlega ekki gjöra það þar, svo lískingarmál þeirrar dœmisögu ekki verði ónáttúlegt. En til þess að böta það upp, sem þar vanrar, kemr hann með dœmisöguna um súrdeigis.

Gegn um textann og gegn um forfeðr vora á Íslandi, sem verkföri nrðin í guðs hendi til þess að leiða kristindóminn syrir nínundruð árum inn í þjóðlíf vort, kemr nú frelsari vor Jesíus Kristr sjálfur til vor, íslenzkra kirkjumanna, og leggr oss á hjarta þann mikla sannleik, að vér erum af honum sjálfum

kjörni
 Vér ve
 sé syri
 guðleg
 samví
 komi
 orð he
 getr d
 miklu
 anda o
 heyrei
 hefir r
 sögu k
 munni
 halda
 kirkju
 getr el
 þess e
 vott u
 menni
 kristin
 Meðar
 var að
 innar,
 koma
 málefni
 skyldi
 goðin,
 stað h
 stað.
 guði, I
 Gizur
 okhrin
 mannk
 skulun
 gáfu þ
 heilag

di verða
 rifa svo
 git þeim
 . Jesús
 — segir
 örni hins
 fir höfuð
 i þessari
 þá alla,
 valdi þá,
 esid aettí
 í Íslandi
 heldr á
 i andinn
 ar. Þeir
 recta ill-
 emisög-
 á hjört-
 isögu —
 tið, sem
 erið rifið
 etr syrir
 það er
 fyrinátt-
 mæti, að
 em með
 mir ekk-
 isins, —
 þeirrar
 recta það
 um súr-
 di, sem
 nni syrir
 ari vor
 eggr oss
 sjálfum

kjörnir til þess að vera andlegt súrdeig fyrir land vort og lýð. Vér verðum að kenna kristindóminn svo í kirkjunni, að vissa sé syrir því, að hann ekki í meðförunum missi neitt af hinum guðlega samleikskraсти sínum. Vér verðum að ganga svo saunvizkusamlega frá prédikan kristindómsordðsins, að það komi þar fram hreint og ómengað og sem líf og audi. Guðs orð hesir í sér heilagan, yfirnáttúrlegan súrdeigskraft. En það getr dofnad upp í munni mannanna, sem það prédika, og að miklu leyti eða algjörlega misst súrdeigseðlið, og þar af leiðanda ekki haft nein helgandi, upplyftandi, betrandi áhrif á tilheyrendrna, orðið að dauðum kirkjulegum bókstaf, og þessi hefir marg-oft orðið reyndin á fjarlægum og nálegum tðum í sögu kristinnar kirkju. Og það dofnar ávallt þannig upp í munni hinna kirkjulegu prédikara, ef þeir persónulega ekki balda sjálfum sér undir áhrifum heilags anda. Kenningin kirkjulega á að vera heilagt súrdeig. En hún verðr það ekki, getr ekki orðið það, nema því að eins að lífið, líf þeirra, er til þess eru kvaddir að halda boðskap Jesú Krista á lofti, beri vott um sama heilaga súrdeigseðlið. Þeir skildu þetta líka, mennirnir á Íslandi til forna, sem gengust syrir því að útvega kristindóminum friðhelga landsvist þar heima árið 1000. Meðan porgeir Ljósvetningagoði beið í djúpum hugsunuun og var að búa sig til þess að segja upp lögum um trúniál þjóðarinnar, höfdu heiðingjarnir á alþingi fund með sér til þess að koma sér samañ um það, með hverju móti þeir helzt gæti séð málefni heiðindómisins borgið. Og ráðið varð það, að blótað skyldi tveim mönnum úr hverjum landsfjórðungi og heitið á goðin, að þau léti ekki kristni ganga yfir landið. En í annan stað héldu og kristnir menu fund til þess að styrkja sinn málstað. Þeir tóku líka það ráð, að bera fram fórnir—sínum guði, hinum sanna guði, til handa. Þeir Hjalti Skeggjason og Gizur hvíti sögðu: „Heiðingjar blóta hinum verstu mönnum ok hrinda þeim fyrir björg eða haimra; en vér skulum velja at mannkostum, ok kalla sigrgjöf við drottin vårn Jesúm Krist; skulum vér lífa því betr ok syndvarlegar en áðr.“ Og svo gáfu þessir reðumenn sig sjálfir undir eins fram til slískrar heilagrar fórnargjörðar fyrir þann landsfjórðung, er þeir áttu

heima í; og brátt fengust einnig menn til syrir hina landsfjórðungana til þess að helga sig og heitbinda líf sitt drottni til þjónustu á sama hátt. „Svo áminni eg yðr, brœðr, í guðs náðar nafni, að þér frainseljið líkami yðar eins og fórn, lífandi, helga, guði velþóknanlega, (sem er) skynsamleg guðsdýrkan yðar.“ Þannig ritar Páll postuli í upphafi 12. kapítulans í Rómverjabréfinu. Sannleikr þeirra postullegu orða er auðheyrt alráðandi í sálum þessara göfugu forsefðra vorra á hinum merkilega fundi. Þeim skilst það, að með þessu móti hljóti málefni kristinnar trúar að verða borgið á Íslandi. Þeim skilst það, að þessir einstöku, er lögðu sjálfa sig fram sem lifandi fórn drottni Jesú til handa, myndi á þann hátt verða að heilögú súrdeigi með svo miklum krafti í sér, sem dygði til þess að sýra allt deigið, umskapa heiðingjana, kristna allt landið. Ef vér í hinni kirkjulegu starfsemi vorri setum samvirkusamlega í fótspor manuanna, sem syrir níu hundruð árum útveguðu kristnini lagaleyfi til landsvistar á ættjörð vorri, þá verðr líka málefni kristindómsins hjá oss áreiðanlega borgið. Sjáum að eins um það, að kristindómrinu hjá oss haldi sínu heilaga súrdeigscölli; þá er öllu óhætt,—algjörlega óþarft að kvíða syrir því, að vér liggjum undir í viðreigninni við hin andstæðu vantrúar-öll og síðspillingar-öll í mannfélagi voru. Látum hina kirkjulegu prédikan vora vera drottinlegt súrdeig. Látum barna-uppfreðsluna kirkjulegu hjá oss vera samskonar súrdeig. Látum hvern einasta söfnuð í kirkjufélagi voru vera slíkt súrdeig. Látum prestana og leikmennina, sem heyra til félagshépi vorum, keppa hver við annan í því að gjöra líf sín að kristilegu súrdeigi. Þá er sjálfum oss og hinu góða málefni, sem vér höfum sameiginlega með höndum frá frelsara vorum Jesú Kristi, sigrinn vís.—Ekki skal því að vísu gleymt, að hinu illa og óguðlega er líka í heilagi ritning líkt við súrdeig. „Varizt fyrst og fremst súrdeig farfsea, það er : hræsni“—segir Jesús (Lúk. 12, 1). Á öðrum stað segir hann lærisveinum sínum, að þeir skuli vara sig á súrdeigi bæði farfsea og sadúsea (Matt. 16, 6). Og til Korinþumanna segir Páll postuli: „Takið burt gamla súrdeigis, svo að þér framvegis getið verið nýtt deig“ (I. Kor. 5, 7), og gjörir svo

na lands-
tt drottini
eðr, í guðs-
fórn, lif-
aleg guðs-
12. kapí-
egu orða
a vorra á
ressu móti
Íslandi.
sig fram
ann hátt
sér, sem
a, kristna
ri fetum
hundruð
í attjörð
eðanlega
hjá oss
lgjörlega
reigninni
unnfélagi
ottinlegt
oss vera
kirkjufé-
nennina,
í því að
og hinu
dum frá
í að vísu
ning líkt
það er :
að segir
igi bædi
na segir
r fram-
örir svo

undir eins grein fyrir því, um hvað hann er að hugsa, þegar haun kemr með þessa áminning,—segjandi: „Höldum því hátfð—ekki með hinu gamla súrdeigi, eðr súrdeigi vonzkunnar og prettvísinnar“. Vonzkan og vantrúin, siðspillingin og óguðleikinn hefir líka það eðli í sér að geta breiðzt út frá manni til manns, læst sig inn í fleiri og fleiri mannslíf með hræðilegum súrdeigskrafti. Æn ef kristindómrið fær fullkomlega að njóta sín í kirkjunni, þá er þó fyrir engu að kvíða úr hinni áttinni, fyrir þá sök, að ríki guðs er sterkara en ríki hins vonda; súrdeigiskriftilega hefir meiri mátt í sér en hið djöfullega súrdeig,

Eg get vel skilið það, að yðr, kæru kristnu tilheyrendr, ofbjóði það einatt, hve stórkostlega ranglætið, spillingin og heimskan veðr uppi í þjóðlífssíðu íslenzka. Mér hefir líka marg-oft ofboðið það. En einblínumi þó ekki á þau ískyggi-leigu teikn tímanna, því það gæti svo hæglega leitt til þess, að vér fœrum að örvaenta um sigr hins góða, og þar af leidanda um framtíðarheill þjóðflokkus vors beggja megin hafs. Látid, vinir mímir, ekki freistast til þeirrar finyndunar, að það þurfi endilega að upprœta illgresið á þjóðlífssakri vorum, svo framar-lega sem hin andlega akuryrkja þar eigi að hafa nokkurn á-árangr eða koma að tilætluðum notum. Vér getum ekki upp-rætt illgresið, hversu mikil sem oss kynni að langa til þess. Og vér mættum það ekki, þótt vér gætum það. Hugsum sem allra minnst um illgresið. En hugsum um hveitið. Hugsum um það, að vera sjálfr drottinlegt hveiti, með fullum lífs-krafti. Illgresið—slíkt illgresi—getr ummyndast og orðið að hveiti, og að því leyti, sem það ekki ummyndast, skal það fyrri eða síðar þoka fyrir hveitinu. Drottinn sjálfr, haun, sem á akrinn, sér fyrir því. Hugsum ekki um það, að elta alla lygi og heimsku, sem haldið er á lofti nú á þessum tíma í rœðu og riti í því skyni að leiða íslenzka alþýðu á glapstigu;—það yrði mjög þreytandi og alveg þýðingarlaus eltingaleikr. En hugsum um það með lífsáhrifum vorum og kenningum vorum að láta svo mikil af sannleik, guðlegum kristilegum sannleik, út frá oss ganga inn í þjóðlíf vort, að lygin og villan komist þar ekki fyrir, smávisni upp og deyi. Gjörum allt,

sem í voru valdi stendr, til þess að hin kristilega flóðalda, sem eg áðan var um að tala, magnist, magnist svo stórkostlega og gleðilega, að hún sópi öllu illu burt úr þjóðlísí voru, því öllu, sem engan hœfuleglik hefir í sér til þess að geta unmyndazt á guði velþóknunlegan hátt.—Maðr spurði Moody, hinn mikla kristna prédikara, sem andaðist rétt fyrir jólin síðustu, hvernig hanni ætti að fara með sjálfan sig, því hjarta sitt væri svo spilt. „Láttu!“—svaraði Moody—„nógu mikil þar inn af heilögum anda guðs.“ Með því móti myndi vonzkan í hjartanu dvína, og á endanum alls ekki koma til greina. Alveg eins og ef nógu lengi væri hellt tæru uppsprettuvatni í flát með óhreinu og skemmu vatni, þá myndi skeiminda vatnið smásaman hversfa og eyðast loks þar í flátinu algjörlega. Hellum þá líka nógu miklu hreinu andlegu vatni inn í hina gruggugn tjörn nútíðarþjóðlissins íslenzka. Látum þangað stöðugt renna strauma lífanda vatns út frá oss í hinni kristnu kirkju vorri. Þá hreinsast vatnið í tjörninni áreiðanlega—alveg eins og það forðum svo undr fljótt og gleðilega hreinsaðist eftir að hin ógleymanlega alþjóðarsamþykkt var gjörð kristindóminum viðvíkjandi á alþingi Íslendinga þennan dag fyrir níu hundruð árum.

Munið allir, kristnir menn, eftir dœmisögu frelsarans um súrdeigid.

